

AFSTÖÐUMYND 1:500



GRUNNMYND 1. HÆÐAR



GRUNNMYND KJALLARA

Upprunalegir höfundar:
Strandgata 31: Sigurður Guðmundsson (1965)
Strandgata 33: Hákon Hertervig (1975)

Strandgata 31-33 (Stgr. 1400-1-84000310)

Byggingarlýsing:

Breytingar og endurbætur á Strandgötu 31 og Strandgötu 33 eru bæði utanhúss og innanhúss:

Strandgata 31, staðgreinir 1400-1-84000310, og Strandgata 33, staðgreinir 1400-1-8400330, samanstendur af verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Stefnt verður að því að varðveita í megin dráttum byggingarsögulegt gildi húsanna Strandgötu 31 og 33 sem dæmigerðar byggingar 7. og 8.áratugs 20 aldar.

Strandgata 31 var reist 1965 og teiknuð af Sigurði Guðmundssyni. Byggingin er steypt súluhús, með steyptum gólfplötum, þakplötu, stigahúsi, lyftustokki og bakhlið hússins er staðsteypt. Suðvestur- og norðvesturhlið hússins er með útveggjaklæðningu sem samanstendur af gleri og álklæðum, einangrað að innan og klætt að með vegghlötum. Þakið er staðsteypt og einangrað að ofan og klætt með dúk. Loft eru niðurtekin kerfisloft. Gluggar eru hlíðarhengdir og hluti af útveggjaklæðningunni. Bakhlið hússins sem snýr í norðaustur er staðsteypt með timburgluggum og -hurðum.

Strandgata 33 var reist 1975 og teiknuð af Hákoni Hertervig. Byggingin er staðsteypt með holplötum fyrir 2. og 3. hæð. Veggir eru einangraðir og múraðir að innan. Þakplatan er staðsteypt og einangruð að ofan og klædd dúki. Loft eru niðurtekin kerfisloft. Stiginn og lyftuhúsið eru staðsteypt. Gluggar eru timburgluggar með tvöföldu gleri.

Jarðhæð bygginganna helst óbreytt og verður áfram verslunarhúsnæði. Fyrirhugað er að breyta 2. og 3.hæð bygginganna í íbúðir. Byggja á ofan á byggingarnar inndregna hæð fyrir íbúðir sem verður 4.hæðin. Kjallarinn nýtist undir geymslur fyrir íbúðirnar, þvottahús fyrir íbúðirnar og geymslur fyrir verslunarhúsnæðið. Á jarðhæðinni verða hjóla- og vagnageymsla og sorpgeymsla. Stigahús Strandgötu 33 verður nýtt sem stigahús fyrir allar hæðir. Stigahús Strandgötu 31 verður eingöngu notað fyrir aðgengi í kjallarann en að öðru leyti verður það fjarlægt.

Strandgata 31: Útveggjaklæðningin fær að halda sér til að varðveita byggingarsögulegt gildi byggingarinnar. Svalir verða inndregnar á suðvesturhlið byggingarinnar og er það sú hlið er snýr að Strandgötunni. Útkragandi svalir á norðaustur- og norðvesturhlíðí byggingarinnar verða festar utan á útveggi. Breyta þarf glugagasetningu á norðausturhlíð byggingarinnar til að aðlaga hana að þeim breytingum sem eiga sér stað innanhúss. Jarðhæðin verður óbreytt sem verslunarhúsnæði. Inngangur verður óbreyttur fyrir verslunarhúsnæðið. Einnig verður inngangur á norðvesturhlíð byggingarinnar óbreyttur og verður það inngangur til að komast niður í kjallara byggingarinnar. Inngangur í sorpgeymslu beggja húsanna verður á norðausturhlíð byggingarinnar.

Strandgata 33: Haldið verður í óbreytt útlit byggingarinnar til að varðveita byggingarsögulegt gildi hennar. Gerðar verða innbyggðar svalir á suðvesturhlíð byggingarinnar og er það sú hlið er snýr að Strandgötunni. Hinsvegar verða þær svalir er koma á norðausturhlíð byggingarinnar festar utan á steyptan útvegginn. Gluggasetningu verður eingöngu breytt á byggingunni þar sem svalir koma á byggingunu og þá með eins litlum breytingum og hægt er til að varðveita útlit byggingarinnar. Inngangur fyrir íbúðirnar sem verður bæði fyrir Strandgötu 31 og 33 verður á norðausturhlíð Strandgötu 33. Verður sá inngangur einnig til að komast í kjallara byggingarinnar. Inngangur í verslunarhúsnæðið verður óbreyttur.

4.hæðin verður létt timburbygging. Einangrað að utan og klætt með útveggjaklæðningu í samræmi við byggíguna eins og hún er í dag á Strandgötu 31. Þakið verður létt timburgrind með einangrun og klætt með þakklæðningu. Svalagólfið fyrir 4.hæðina verður klætt timburgólf. Lágir timburveggir verða á milli íbúða til að aðgreina svalarými hverrar íbúðar á suðvesturhlíð 4. hæðarinnar. Gengið verður í þrjár í búðir að utan á norðaustursvölum 4.hæðar. Tvær íbúðir á 4.hæðinni eru innangengdar. Handrið verða úr gleri umhverfis allt svalarýmið á 4.hæðinni.

LÓÐ:

Aðkoma að íbúðunum er á norðausturhlíð byggingarinnar Strandgötu 33. Gert er ráð fyrir 13 bílastæðum innan lóðarmarka sem tilheyra Strandgötu 31-33. Þar af eru 5 bílastæði vegna íbúða á inndreginni fjórðu hæðinni. Heimilt verður að koma fyrir hjólreiðaströndum á svæðinu. Aðkoma að sorpgeymslum er á norðausturhlíð byggingarinnar Strandgötu 31. Aðkoma að kjallara er bæði á norðausturhlíð byggingarinnar Strandgötu 33 og norðvesturhlíð byggingarinnar Strandgötu 31.

BURÐARVIKRI:

Burðarvirki bygginganna helst óbreytt fyrir bæði Strandgötu 31 og 33. Gripið verður til nauðsynlegra ráðstafana ef nauðsynlegt verður að styrkja mannvirkin. Allar breytingar á burðarvirki bygginganna, sem upp geta komið, verða gerðr í samráði við burðarþolshönnuð verksins. Burðarvirki 4.hæðar verður létt timburbygging ofan á steypta þakplötu Strandgötu 31 og Strandgötu 33.

LAGNIR:

Þrifllagnir verða endurnýjaðar eftir þörfum miðað við nýtt innra skipulag. Það sama á við um hitalagnir.

LOFTRÆSING:

Sú loftræsing sem er í byggingunum í dag verður fjarlægð. Loftræsing verður endurbætt. Vélræn útsog verða frá böðum, ræstingum og þvottahúsi.

RAFLAGNIR:

Raflagnir verða endurnýjaðar miðað við nýtt innra skipulag á 2. og 3.hæð byggingarnna. Einnig verða raflagnir endurnýjaðar og lagfærðar á jarðhæð og í kjallara. Nýjar lagnir verða lagðar á 4.hæðinni. Búnaður í rafmagnstöflum verður endurnýjaður og endurbættur eftir þörfum. Rafkerfið mun samanstanda af lýsingu og þeim búnaði sem nauðsynlegur er til að fullnægja starfsemi bygginganna og brunavörnum.

Samþykkt þann
21 JAN 2015
Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði
Fr. Sigurður Steinar Jónsson

NR.	DAGS.	ÚTGÁFUFERILL SKÝRINGAR	TEIKNAÐ AF	ÚTGEFIÐ AF

Öll mál í millimetrum, staðfærist áður en framkvæmdir hefjast. Mælið ekki af teikningum.
Misræmi í teikningum og önnur vafaatriði tilkynnist samræmingarhönnuðum strax.
Lesa skal teikningar með viðeigandi verklýsingum.

LYKILMYND

YRKI ARKITEKTAR ehf.
Hverfisgötu 76, 101 Reykjavík Sími: +354 552 6629
Fax: +354 552 6649 Netfang: yrki@yrki.is
Kt: 560997-3109

Ásdís H. Ágústsdóttir Arkitekt FAÍ
Sólveig Berg Arkitekt FAÍ

UNDIRRITUN HÖNNUNARSTJÓRA
Sólveig Berg

MANNVIT hf.
Kt. 430572-0169
Brunavarnir yfirfarnar
22.12.2014

VERKKAUPI
CASULA EHF.

VERK
STRANDGATA 31-33
AÐALUPPDRÁTTUR

TEIKNING
AFSTÖÐUMYND, BYGGINGARLÝSING
GRUNNMYNDIR KJALLARA OG 1. HÆÐAR

DAGSETN.	MKV.	TEIKNAÐ AF	ÚTGEFIÐ AF
17.12.14	1:500, 1:100	SK	SK/ÁHÁ

VERK NR.	TEIKNING NR.	ÚTGÁFA
V221	B10	

22.12.2014 SLÖKKVILIÐ HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS